

Markvisst innra mat

Höfundar

Svandís Egilsdóttir, Vesturmiðstöð

Auður Ósk Óskarsdóttir, Norðurmiðstöð

Eysteinn Þór Kristinsson, Suðurmiðstöð

Elínros Benediktsdóttir, fagskrifstofa grunnskóla SFS

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, stjórnsýsla, gögn og gæði SFS

Skólaárið 2025-2026



Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	2
2.	<i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	2
3.	<i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	4
4.	<i>Mat á verkefninu</i>	4
5.	<i>Greinargerð um notkun styrkfjár</i>	4
6.	<i>Kynning</i>	5
	<i>Skýringarmyndir:</i>	5

1. Inngangur

Grunnskólar í Austurmiðstöð hófu þróunarverkefni um innra mat árið 2022. Mikill lærdómur hlaust af því verkefni og var því ákveðið að sækja um styrk fyrir grunnskóla í öðrum hverfum til að vinna að eflingu markviss innra mats á sambærilegan hátt.

Meginmarkmið verkefnis:

- Efla markvisst innra mat í grunnskólum Reykjavíkur og auka hæfni innra mats teyma.
- Skapa tækifæri fyrir stjórnendur og lykilstarfsfólk í grunnskólum í Reykjavík til að sækja sér þekkingu og efla færni í að vinna markvisst að innra mati með það fyrir augum að bæta gæði skólastarfs.
- Efla færni stjórnenda í gerð áætlana um innra mat; langtímaáætlun, áætlun fyrir skólaárið, greinargerð og umbótaáætlun.
- Rýna gæði kennslustunda.
- Auka samvinnu á milli skóla með virku lærdómssamfélagi um innra mat.

Markmið verkefnisins er að efla lærdómssamfélag með faglegri fræðslu, handleiðslu og stuðningi fyrir stjórnendur og innra mats teymi með góðum faglegum stuðningi, skýrri innleiðingu og markvissri upplýsingaöflun. Slíkt byggir undir ígrundun stjórnenda/kennara og leiðir til faglegra innra mats og aukinna gæða í skólastarfi í takti við farsæld barna og framþróun skólastarfs.

Með áherslu á að efla markvisst innra mat í grunnskólum er unnið með beinum hætti að því að efla fagmennsku og samstarf í skóla- og frístundastarfi. Með markvissu innra mati er jafnframt unnið að því að efla þátttöku allra hagaðila að fagstarfi í skólanum, m.a. barna. Ávinningur fyrir börnin getur þannig orðið betri þegar þau eru þátttakendur og starfsfólk vinnur markvissar að því að efla gæði skólastarfs. Þannig veitir innra matið m.a. upplýsingar um stöðu skólastarfsins, tryggir að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár, leggur áherslu á gæði náms og kennslu, stuðlar að umbótum og tryggir að réttindi nemenda séu virt. Það rímar einnig vel við meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkur þar sem fram kemur að öll börn eigi að vaxa, dafna og una sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Innra mat kristallast einnig í leiðarljósi stefnunnar um að fagmennska og samstarf sé í öndvegi.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Lög um grunnskóla (nr. 91/2008) kveða á um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Stjórnendur í grunnskólum kölluðu eftir meiri stuðningi við framkvæmd innra mats og birtingu gagna og því var ákveðið að fara í verkefnið.

Verkefnið hófst haustið 2025 og er áætlað að markvissum stuðningi í gegnum þróunarverkefninu ljúki 2029. Markmiðið er að vinnan við markvisst innra mat verði

hluti af sameiginlegu verklagi miðlægrar skrifstofu, fagstjóra og innra mats teyma í hverjum skóla fyrir sig.

Meginmarkmið þessa verkefnis er að skapa tækifæri fyrir stjórnendur og lykilstarfsfólk í grunnskólum Reykjavíkur að sækja sér þekkingu og innblástur til að efla innra mat með það fyrir augum að bæta gæði skólastarfs. Þetta var gert með því að bjóða upp á stuðning við stjórnendur og innra mats teymi skólanna, með fyrirlestrum, vinnustofum, málstofum, námsheimsóknunum, stuðningsefni og fræðslu.

Eftirfarandi er listi yfir markviss skref voru tekin:

- Verkefnisstjórn frá skrifstofu SFS
 - Leiða vinnuna og halda utan um ferlið
- Stýrihópur í öllum hverfum fundar mánaðarlega og samanstendur af:
 - Fagstjórum grunnskóla
 - 4-5 skólastjórnendur
 - 2 frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs
- Mánaðarlegir fundir skólastjórnenda í hverju hverfi
 - Fagstjórar halda utan um að málefni innra mats sé á dagskrá
- Innra mats teymi í hverjum skóla
 - Afjar gagna, rýnir, setur fram áætlanir (langtíma og fyrir skólaárið) greinargerð (styrkleika og tækifæri) og umbótaáætlun
 - Teymið hittist a.m.k. 1x í mánuði
 - Fræðslufundir innan hverfa 2-3 á ári
 - Vinnufundir með innra mats teyminum í hverfum
- Faglegur handleiðari. Sérfræðingur í innra mati
 - Fer a.m.k. 2x á ári í hvern skóla, oftast til þeirra sem óska þess. Veitir innra mats teyminum handleiðslu og/eða stuðning eftir þörfum
- Fræðsla og stuðningur
 - Málstofur um innra mat fyrir áhugasama
 - [Heimasíða um innra mat](#), stuðningsefni og fræðsla. Útbúin og uppfærð reglulega.
 - Markviss fræðsla um þætti leiðsagnarnáms í öllum skólum í tengslum við að efla gæði kennslustunda.
 - Allir skólar hafa fengið bókina [Gæði kennslu](#) afhenda til lestrar og ígrundunar.
 - Skólar í austur veita jafningjafræðslu, bjóða á matsfundi og/eða vinnufundi innra mats teyma
- Spurningar til stjórnenda (kannanir)
 - Allir skólar mátu stöðu innra mat í upphafi verkefnis.
 - Spurningavagnar sendir reglulega til stjórnenda til að veita eftirfylgni og hvatningu við ákveðna þætti innra mats svo verkefnastjórar geti brugðist við með stuðningi.

Mikil samvinna var á milli skrifstofu, fagstjóra, skólastjórnenda og innra mats teyma í verkefninu sem hefur verið forsenda að velgengni þess.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Reynslan af verkefninu á hverjum starfsstað fyrir sig hefur verið góð. Innra mats teymi og stjórnendur hafa tekið skref í reglubundið samtal um fagmennsku skólastarfs í gegnum vinnu með markvisst innra mat. Þar sem allir grunnskólar í Reykjavík eru nú að vinna að markvissu innra mati hefur reynsla og skrefin nýst til gagns fyrir heildina. Sharepointsíða var útbúin til að halda utan um öll gögn, upplýsingar og fræðslu sem snúa að innra mati í grunnskólum. Innra mats teymi grunnskóla hafa verið mjög viljug til að deila með öðrum verkferlum, reynslu, sniðmátum, gögnum og öðru nytsamlegu til birtingar á síðunni, öðrum til gagns. Verklag um markvisst innra mat getur nýst öðrum sveitarfélögum. Mennta- og barnamálaráðuneytið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, skólaskrifstofa Garðabæjar og Akureyrar hafa nú þegar fengið kynningu á þessu verkefni og fékk það góða endurgjöf.

Þær umbætur sem gerðar eru í kjölfar vinnu við innra mat hafa það að markmiði að efla skólastarf, veita stjórnendum upplýsingar um hvernig megi efla fagmennsku og samstarf og betri upplýsingar og yfirsýn yfir gæði og árangur til ávinnings fyrir nemendur.

4. Mat á verkefninu

Mat á verkefninu var bæði formlegt og óformlega.

Í upphafi verkefnisins mátu skólastjórnendur stöðu skólans út frá gátlista um innra mat sem skiptist í 6 kafla:

- Gæði framkvæmdar
- Hvati til innra mats
- Matsaðferðir
- Árangur og afleiðingar
- Þátttaka hagsmunaaðila
- Aðgengi upplýsinga

Sambærilegt mat verður lagt fyrir aftur skólaárið 2027-2028 til að rýna stöðuna. Einnig hefur reglulega verið sendar út spurningakannanir um þætti innra mat í skólunum til að meta þörf fyrir stuðning og fræðslu.

Óformlegra mat hefur einnig farið fram með reglulegum samtölum við stjórnendur og innra mats teymi. Einnig hefur verið lagt mat á verkefnið á stýrihópafundum og skólastjórafundum í hverju hverfi.

Ljóst er að markmið verkefnisins voru að mestu uppfyllt. Allir grunnskólar í Reykjavík eru nú með virkt innra mats teymi, öll teymi hafa fundað með faglegum handleiðara, eru vinna að viðmiðum um gæði kennslustunda og hafið undirbúning að markvissu innliti í kennslustundir. Öll innra mats teymi eru meðvituð um gæði viðmiða grunnskóla sem unnið er eftir og þau gögn sem á að birta opinberlega.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Launagreiðsla: Fyrirlestrar, erindi, málstofur, jafningjafræðsla

Kr. 3.500.000

Efniskostnaður: Námskeið og málstofur (bókakaup, húsnæði og veitingar).

Kr. 1.500.000 kr.

6. Kynning


Verkefnið hefur verið kynnt fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, skólaskrifstofa Garðabæjar og Akureyrar og fékk það góða endurgjöf. Einnig hefur verkefnið verið kynnt fyrir framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs og verður kynnt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars n.k.

Allir skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í verkefninu og taka þátt í þróun þess. Afurð verkefnisins er m.a. [Sharepoint síða](#) og [fræðslumyndband](#) um innra mat.


Skýringarmyndir:



Stuðningur við innra mat



Ferli innra mats Grunnskólar



FERLI INNLEIÐINGAR Á MARKVISSU INNRA MATI OG GÆÐASTARFI Í GRUNNSKÓLUM



INNRA MAT

4 þættir sem á að birta hagaðilum

